

## Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir notanda lyfsins

### Natriumklorid B. Braun 1 mmól/ml innrennslisþykkni, lausn

natríumklóríð

**Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.**

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Látið lækinn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli eða ef aukaverkanir sem taldar eru upp reynast alvarlegar. Sjá kafla 4.

**Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:**

1. Upplýsingar um Natriumklorid B. Braun og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid B. Braun
3. Hvernig nota á Natriumklorid B. Braun
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Natriumklorid B. Braun
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

#### **1. Upplýsingar um Natriumklorid B. Braun og við hverju það er notað**

Verið getur að lækinn hafi ávísað lyfinu við öðrum sjúkdómi eða í öðrum skömmtum en tiltekið er í þessum fylgiseðli. Ávallt skal fylgja fyrirmælum læknis og leiðbeiningum á merkimiða frá lyfjabúð.

Þetta lyf er innrennslisþykkni með natríumklóríði til að nota við saltgjöf. Þegar það hefur verið þynnt í innrennslisvökva er það gefið í gegnum slöngu inn í æð (sem dreypi í bláæð).

Lyfið er notað við saltgjöf þegar um er að ræða:

- of lítið af natríum eða klóríði í blóði
- lítið saltinnihald miðað við vökvamagn

#### **2. Áður en byrjað er að nota Natriumklorid B. Braun**

**Ekki má nota Natriumklorid B. Braun**

- ef natríum- eða klóríðinnihald blóðs er of mikið

**Varnaðarorð og varúðarreglur**

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en Natriumklorid B. Braun er notað ef um er að ræða:

- of lítið kalíum í blóði (blóðkalíumlækkun)
- hjartabilun
- þrota í hand- og fótleggjum vegna of mikils vökva í líkamanum (útbreiddan bjúg)
- vatn í lungum (lungnabjúg)
- háan blóðþrýsting
- háan blóðþrýsting, krampa og þrota hjá þunguðum konum (meðgöngukrampa)
- alvarlega nýrnabilun
- of mikla sýru í blóði (blóðsýringu)

Einnig verður tekið tillit til þess ef þú ert í meðferð með ákveðnum hormónum, þ.e.a.s. barksterum eða nýrnahettubarkarhormónum, því þessi lyf geta haft áhrif á vökva- og saltjafnvægi.

Meðan á meðferð með þessu lyfi stendur er fylgst með saltainnihaldi blóðsins, vökvajafnvægi og sýru-basa jafnvægi líkamans.

### **Notkun annarra lyfja samhliða Natriumklorid B. Braun**

Látið lækinn eða lyfjafræðing vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð.

Þú verður að láta lækinn vita ef þú notar barkstera eða nýrnahettubarkarhormón, því þessi lyf geta valdið uppsöfnun vökva og salta, sem síðan geta valdið þrota og háum blóðþrýstingi.

### **Meðganga og brjóstgjöf**

Við meðgöngu, brjóstgjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Tekið verður sérstakt tillit til þess ef þú ert með meðgöngukrampa, sjúkdóm sem getur komið fram á meðgöngu með háum blóðþrýstingi, krömpum og þrota.

### **Akstur og notkun véla**

Natriumklorid B. Braun hefur engin áhrif áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

Hver og einn verður að leggja mat á getu sína til aksturs og starfa sem krefjast óskertrar árvekni. Eitt af því sem getur haft áhrif á slíkt er lyf, vegna verkunar sinnar eða aukaverkana. Lýsing á verkun og aukaverkunum er í öðrum köflum fylgiseðilsins. Lesið því allan fylgiseðilinn. Ef þörf er á skal ræða þetta við lækni eða lyfjafræðing.

## **3. Hvernig nota á Natriumklorid B. Braun**

Lyfið er gefið með innrennsli (dreypi) beint í æð eftir þynningu með viðeigandi innrennslisvökva.

Læknirinn ákveður hve mikið þú átt að fá. Það ræðst af natríuminnihaldi blóðs, tekið er tillit til líkamspýngdar, aldurs og sýru-basajafnvægis í blóði.

Ef natríuminnihald í blóði hefur lengi verið of lítið mun læknirinn gefa þér Natriumklorid B. Braun hægar til að forðast heilaskemmdir (sjá einnig kaflann «ef notaður er stærri skammtur af Natriumklorid B. Braun en mælt er fyrir um»).

### **Notkun Natriumklorid B. Braun handa börnum**

Þetta lyf er aðeins gefið börnum sem eru með einkenni natríumskorts í blóði. Meðferðin er eins og hjá fullorðnum.

Læknirinn velur upphafsskammtinn þannig að natríuminnihald blóðsins aukist ekki meira en um 10 mmól/l á dag, þar til innihaldið er orðið 125 mmól/lítra. Síðan mun læknirinn reyna að auka natríuminnihald blóðsins hægt á lengri tíma til að forðast of mikið natríum í blóðinu.

### **Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um**

Ef of stór skammtur af lyfinu hefur verið notaður, eða ef barn hefur í ógáti tekið inn lyfið skal hafa samband við lækni, sjúkrahús eða eitrunarmiðstöð (sími 543 2222). Hafið samband við lækni eða lyfjafræðing ef þörf er á öðrum upplýsingum um lyfið.

### *Einkenni ofskömmunar*

Ef þú færð of mikið af lyfinu getur vökvi í líkamanum orðið of mikill og of mikið af natríum og klóríði í blóðinu. Súr efni geta safnast upp í blóðinu.

Of hratt innrennsli getur valdið of miklum vökva í líkamanum. Vökvi getur safnast upp í hand- og fótleggjum eða vatn í lungunum, ásamt háum blóðþrýstingi. Niðurgangur og aukinn þvagútskilnaður getur einnig komið fram vegna óeðlilega mikils magns salta í blóðinu.

Ef natríuminnihald hefur verið of lágt í langan tíma og er skyndilega aukið, getur heilinn orðið fyrir skemmdum (svokallað osmósuafmýlingarheilkenni).

#### *Meðferð við ofskömmtnun*

Í slíkum tilfellum mun innrennslisþraðinn minnkaður eða innrennslis strax hætt. Auk þess getur þú fengið lyf sem auka þvagútskilnað (þvagræsilyf). Stöðugt verður fylgst með blóðsöltum. Læknirinn mun ákveða hvort þörf er á notkun annarra lyfja eða annarra aðgerða til að leiðrétta magn blóðsalta, vökvajafnvægi og sýru-basajafnvægi.

#### **4. Hugsanlegar aukaverkanir**

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Lausnir með háa saltþéttni geta valdið ertingu og bólgu í æðinni sem innrennslislið er gefið í.

#### **Tilkynning aukaverkana**

Látið lækninn eða lyfjafræðing vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint til Lyfjastofnunar, [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

#### **5. Hvernig geyma á Natriumklorid B. Braun**

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á lykjunni/hettuglasinu og ytri öskjunni.

Ekki nota lyfið ef lausnin er ekki tær eða er mislit, ef agnir eru í lausninni eða ef lykjan/hettuglasið og tappinn eru skemmd.

Pólýetýlenlykjur: Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

Hettuglös: Geymið ekki við hærri hita en 25°C.

Eingöngu einnota. Farga skal flátum og ónotuðu innihaldi eftir notkun.

#### **6. Pakkningar og aðrar upplýsingar**

##### **Natriumklorid B. Braun inniheldur**

- Virka innihaldsefnið er natríumklóríð.  
1 ml af innrennslisþykknri, lausn inniheldur 58,5 mg af natríumklóríði.  
1 ml af innrennslisþykknri, lausn inniheldur 1 mmól af natríum og 1 mmól af klóríði.
- Annað innihaldsefni er vatn fyrir stungulyf.

Fræðileg osmósupþéttni er 2.000 mOsm/lítra og pH er 4,5-7,0.

##### **Lýsing á útliti Natriumklorid B. Braun og pakkningastærðir**

Natriumklorid B. Braun 1 mmól/ml er tær, litlaus lausn sem inniheldur natríumklóríð leyst upp í vatni.

Fæst sem:

- Pólýetýlenlykjur, innihald: 20 ml  
pakkningastærð: 20 x 20 ml
- Hettuglös lokuð með gúmmítappa, innihald 50 ml:  
pakkningastærð: 20 x 50 ml

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

### **Markaðsleyfishafi og framleiðandi**

B. Braun Melsungen AG  
Carl-Braun-Strasse 1  
34212 Melsungen, Þýskaland

*Póstfang:*  
34209 Melsungen, Þýskaland

Hafið samband við fulltrúa markaðsleyfishafa ef óskað er upplýsinga um lyfið:

Teva Pharma Iceland ehf.  
Dalshraun 1  
220 Hafnarfjörður  
Ísland

**Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður í september 2021.**

---

***Eftirfarandi upplýsingar eru einungis ætlaðar heilbrigðisstarfsfólki:***

Taka þarf tillit til hugsanlegs ósamrýmanleika við blöndun með öðrum lyfjum.

Ábyrgur læknir skal ákveða notkun blandaðra innrennslislausna.